

Nr. 096 / 15 Bíldsey SH 65**Vélarbilun**

Skipaskr.nr. 2704
Smíðaður: Reykjavík 2006 plast
Stærð: brl. 29,8 bt.
Mesta lengd: 14,98 m Skráð lengd: 14,48 m
Breidd: 4,6 m Dýpt: 1,92 m
Vél: Yanmar 323 kW 2006
Fjöldi skipverja: 4

Gögn:
Gögn RNS



Bíldsey©NN

Málið afgreitt á fundi þann 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 29. ágúst 2015 var Bíldsey SH 65 á siglingu á Skagafirði. Veður: N 8 ms.

Þegar báturinn var staddur um 6 sml norður af Sauðárkróki varð bilun í gír og taldi skipstjórinn sig líklega þurfa aðstoð. Skipverjum tókst að gera við gírninn til bráðabirgða og sigldu til Hofsóss í fylgd Nýja Vikings SK 95.

Við rannsókn kom fram:

- að skrúfuöxullinn rann aftur úr öxultenginu;
- að það náðist að tengja öxul og tengi saman til bráðabirgða og sigla til hafnar;
- að í ljós kom við fullnaðarviðgerð að einn af sex mótarpúðum undir vél og gír var brotinn og vélin skökk.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.